

Nd.

356. Tillaga

il þingsályktunar um húsmæðraskóla á Staðarfelli.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogu.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að gera nú þegar undirbúning undir stofnun húsmæðraskóla á Staðarfelli, og í því skyni

að láta rannsaka, hvort auka þyrfti húsakynni, og ef svo væri talið, að láta þá gera teikningar og áætlanir um húsaúka, er gera þyrfti (á að geta 8 álna viðbót við enda hússins),

að gera áætlanir og tillögur um stofnun skólabús þar á staðnum.

að leita fyrir sjer um forstöðukonu skólans, er sje um leið ráðskona á skólabúinu, og

að leita fyrir sjer um duglegan ráðsmann og enn

að ihuga, hvort vextir af Herðisarsjóðinum og arður af skólabúi og hlunnindum Staðarfells mundi eigi nægja í rekstrarkostnað skólans.